

LÖG

um breytingu á lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sbr. lög nr. 72 30. maí 1984.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 18. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Hafrannsóknastofnuninni er heimilt, að fengnu samþykki stjórnar stofnunarinnar og sjávarútvegsráðherra, að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum, sem eru hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, er þróa hugmyndir og hagnýti niðurstöður rannsóknar- og þróunarverkefna sem stofnunin vinnur að hverju sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 77/1979, um Háskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Háskólaárið telst frá 5. september til jafnlengdar næsta ár. Kennsluár Háskólans skiptist í tvö kennslumissiri, haustmissiri og vormissiri. Missiraskipting, leyfi og önnur kennsluhlé skulu ákveðin í reglugerð. Háskólaráði er heimilt að ákveða sérstaka missiraskiptingu fyrir einstakar deildir og námsbrautir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.